

26. fundur umhverfisnefndar- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, föstudaginn 3. ágúst 2012 kl.12:00

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Josteinn Hermundsson, Sóley Indriðadóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Breyting á vegalegu.

Eigendur jarðarinnar Tungusel sækja um leyfi til að gera breytingar á veglínu frá Kverkárbrú að horni við efri marka Litlugljúfra í Hafralónsá. US samþykkir veginn fyrir sitt leyti en bendir á að framkvæmd og útfærsla skuli gerð í samráði við vegagerðina og lög þar um.

Fundargerðin upplesin og samþykkt fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30